

Íslandsspil sf.
Samandreginn ársreikningur 2019

Íslandsspil sf.
Smiðjuvegi 11a
200 Kópavogi

kt. 671293-2589

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er að reka söfnunar- og spilakassa og aðra fjáröflunarstarfsemi fyrir eigendur félagsins.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2019 að fjárhæð 691,3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins nam í árslok 470,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hefur haft mjög neikvæð áhrif á rekstur félagsins á fyrstu mánuðum ársins 2020 en tekjur þess á fyrstu 4 mánuðum ársins drógust saman um 39,3% miðað við sama tímabil árið 2019. Veruleg óvissa ríkir enn um endanleg áhrif faraldursins á félagið en þau ráðast meðal annars af því hversu lengi hann varir, hvort þær ráðstafanir sem stjórnendur hafa gripið til skili tilætluðum árangri, hve lengi núverandi efnahagssamdráttur varir. Vísað er til skýringar 9 í ársreikningnum um nánari umfjöllun um áhrif faraldursins á rekstur félagsins og þær ráðstafanir sem stjórnendur hafa gripið til.

Eigendur í árslok voru þrír talsins og breyttist fjöldi þeirra ekki árinu. Í árslok skiptust eignarhlutir í félaginu með eftirfarandi hætti:

	Eignarhluti
Rauði krossinn á Íslandi	64,00%
Slysavarnafélagið Landsbjörg	26,50%
SÁÁ	9,50%

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslandsspila sf. staðfesta hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Kópavogur, 13. maí 2020

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Meðfylgjandi samandreginn ársreikningur fyrir Íslandsspil sf. er byggður á ársreikningi félagsins fyrir árið 2019. Með ársreikningnum fylgdi eftirfarandi áritun frá okkur:

Til stjórnar og eigenda Íslandsspila sf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Íslandsspila sf. („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 13. maí 2020

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Tekjur af söfnunarkössum		<u>1.003.451.063</u>	<u>1.082.135.582</u>
		<u>1.003.451.063</u>	<u>1.082.135.582</u>
Rekstrargjöld			
Rekstrargjöld		205.689.794	200.357.962
Afskriftir	2	<u>109.927.451</u>	<u>151.583.117</u>
		<u>315.617.245</u>	<u>351.941.079</u>
Rekstrarhagnaður		687.833.818	730.194.503
Fjármunatekjur		5.102.959	9.542.692
Fjármagnsgjöld		<u>(1.678.132)</u>	<u>(3.297.665)</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>3.424.827</u>	<u>6.245.027</u>
Hagnaður ársins	4	<u><u>691.258.645</u></u>	<u><u>736.439.530</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir:			
Söfnunarkassar		457.106.402	341.916.021
Fasteign		17.082.569	17.753.367
Áhöld og tæki		668.370	1.000.306
Bifreiðar		7.115.142	9.874.362
	2	<u>481.972.483</u>	<u>370.544.056</u>
Aðrar eignir:			
Sjóðir eftirlits- og umboðsmanna		2.830.000	2.830.000
Varasjóður		76.919.610	70.642.217
		<u>79.749.610</u>	<u>73.472.217</u>
Fastafjármunir samtals		<u>561.722.093</u>	<u>444.016.273</u>
Veltufjármunir			
Kröfur vegna söfnunarkassa		9.657.528	26.636.950
Aðrar skammtímakröfur		13.359.492	27.971.642
Handbært fé		71.534.672	83.598.362
Veltufjármunir samtals		<u>94.551.692</u>	<u>138.206.954</u>
Eignir samtals		<u>656.273.785</u>	<u>582.223.227</u>
Eigið fé			
Höfuðstóll	4	470.000.728	445.392.083
Eigið fé samtals		<u>470.000.728</u>	<u>445.392.083</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	5	0	1.308.180
Langtímaskuldir samtals		<u>0</u>	<u>1.308.180</u>
Skammtímaskuldir			
Skuld við eigendur		50.000.000	50.000.000
Næsta árs afborganir af langtímalánum		1.389.760	1.308.180
Ógreidd umboðslaun		23.246.153	24.060.396
Aðrar skammtímaskuldir		111.637.144	60.154.388
Skammtímaskuldir samtals		<u>186.273.057</u>	<u>135.522.964</u>
Skuldir samtals		<u>186.273.057</u>	<u>136.831.144</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>656.273.785</u>	<u>582.223.227</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundruðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Söfnunarkassar	6-7 ár
Fasteign	50 ár
Innréttingar	6-7 ár
Áhöld og tæki	5 ár
Bifreiðar	6-7 ár

c. Skammtíma kröfur

Kröfur vegna söfnunarkassa eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Í rekstrarreikningi ársins eru gjaldfærðar 498 þús. kr. vegna afskrifaðra krafna og breytingar á niðurfærslu. Niðurfærslan, sem nam í árslok 3,7 millj. kr., er dregin frá kröfunum í efnahagsreikningi.

2. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig:

	Söfnunar- kassar	Fasteign	Áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1.2018	1.215.422.589	33.539.898	9.890.977	19.543.554	1.278.397.018
Fært út á árinu	(619.929.003)		(7.224.119)		(627.153.122)
Keypt á árinu	159.547.685		0	0	159.547.685
Heildarverð 1.1.2019	755.041.271	33.539.898	2.666.858	19.543.554	810.791.581
Keypt á árinu	221.355.878	0	0	0	221.355.878
Heildarverð 31.12.2019	976.397.149	33.539.898	2.666.858	19.543.554	1.032.147.459

Skýringar, frh.:

2. Rekstrarfjármunir, frh.:

Rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig, frh.:

	Söfnunar- kassar	Fasteign	Áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Afskrifað 1.1.2018	886.245.322	15.115.733	7.718.816	6.737.659	915.817.530
Afskrift færð út	(619.929.003)	0	(7.224.119)	0	(627.153.122)
Afskrifað á árinu	146.808.931	670.798	1.171.855	2.931.533	151.583.117
Afskrifað 1.1.2019	413.125.250	15.786.531	1.666.552	9.669.192	440.247.525
Afskrifað á árinu	106.165.497	670.798	331.936	2.759.220	109.927.451
Afskrifað samtals 31.12.2019	519.290.747	16.457.329	1.998.488	12.428.412	550.174.976
Bókfært verð 1.1.2017	329.177.267	18.424.165	2.172.161	12.805.895	362.579.488
Bókfært verð 31.12.2018	341.916.021	17.753.367	1.000.306	9.874.362	370.544.056
Bókfært verð 31.12.2019	457.106.402	17.082.569	668.370	7.115.142	481.972.483
Afskriftahlutföll	15%	2%	15-20%	15%	

3. Fasteignamat og vátryggingarverð

Fasteignamat fasteignar nam 170,5 millj. kr. í árslok og brunabótamat 160,8 millj.kr. Vátryggingarverðmæti bifreiða, áhalda og tækja nam 1.103,9 millj. kr. í árslok 2019.

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	2019	2018
Eigið fé í ársbyrjun	445.392.083	504.952.553
Ráðstafað til eigenda	(666.650.000)	(796.000.000)
Hagnaður ársins	691.258.645	736.439.530
Eigið fé í árslok	470.000.728	445.392.083

Ráðstöfunartekjum er skipt á milli eigenda samkvæmt samkomulagi þeirra á milli eftir að tekið hefur verið tillit til fjárhæðar sem lögð er í varasjóð. Skiptingin var eins og hér segir:

		2019	2018
Rauði krossinn á Íslandi	64,0%	426.656.000	509.440.000
Slysavarnafélagið Landsbjörg	26,5%	176.662.250	210.940.000
SÁÁ	9,5%	63.331.750	75.620.000
	100,0%	666.650.000	796.000.000

Skýringar, frh.:

5. Langtímaskuldir

Verðtryggð langtímalán greinast þannig:

Lánveitandi	Lánsform	Vaxtakjör	2019	2018
Stafir lífeyrissjóður	Verðtryggð skuldabréf	7,50%	1.389.760	2.616.360
Næsta árs afborganir			(1.389.760)	(1.308.180)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi			<u>0</u>	<u>1.308.180</u>

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Árið 2020	<u>1.389.760</u>
Langtímaskuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun	<u>1.389.760</u>

6. Atburðir eftir uppgjörsdag

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hefur veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins, svo sem vegna óvissu um hve lengi hann muni vara og hver áhrifin muni verða eftir að honum lýkur. Gera má ráð fyrir að áhrif á rekstur félagsins verði umtalsverð vegna tímabundinnar lokunar söfnunarkassa. Það er mat stjórnenda félagsins að ekki sé unnt á þessum tímapunkti að leggja mat á áhrif á félagið í ljósi framangreindrar óvissu sem og óvissu um hver endanleg viðbrögð stjórnvalda muni verða. Félagið hefur brugðist við þessum aðstæðum meðal annars með því að draga úr kostnaði og með því að gera áætlanir út frá mismunandi sviðsmyndum. Félagið hefur ekki nýtt úrræði stjórnvalda vegna faraldursins. Þrátt fyrir óvissuna telja stjórnendur ekki leika vafa á rekstrarhæfi félagsins.